

215. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 6. september 2018, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Axel Sæland, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Agnes Geirdal, Eyrún M. Stefánsdóttir, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir til kynningar:

- 1.1. 196. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
- 1.2. 197. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
- 1.3. 198. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
- 1.4. 1. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga, haldinn 28. ágúst 2018.
- 1.5. 189. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 23. ágúst 2018.
- 1.6. 268. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 22. ágúst 2018.

2. Kjör fulltrúa í nefndir og stjórnir:

2.1 Kjör fulltrúa í veitustjórn, 3 aðalmenn og 3 til vara

Aðalmenn:

Kjartan Lárusson, formaður

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Axel Sæland

Varamenn:

Helgi Kjartansson

Svava Theódórsdóttir

Ómar Sævarsson

Samþykkt samhljóða.

2.2 Breyting á skipan fjallskilanefndar Þingvallasveitar

Jóhann Jónsson, Mjóanesi, óskar lausnar frá nefndarstörfum. Sex aðalmenn voru í nefndinni og samþykkir sveitarstjórn að veita Jóhanni lausn frá störfum í fjallskilanefnd og þakkar honum vel unnin störf. Samþykkt er að út þetta kjörtímabil verði fimm aðalmenn í nefndinni.

2.3 Kjör fulltrúa í starfshóp um gerð deiliskipulags fyrir Laugarvatn

Helgi Kjartansson, Róbert Aron Pálmason og Eyrún M. Stefánsdóttir sitji í starfshópnum.

Sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi starfa með hópnum og er hópnum falið að velja skipulagsráðgjafa.

Samþykkt samhljóða.

3. Skipulagsmál:

3.1 Tillaga að deiliskipulagi Reykholtis, fundargerð starfshóps frá 24. ágúst 2018 og skipulagstillaga.

Lögð var fram fundargerð starfshóps um deiliskipulag í Reykholti. Starfshópurinn vísaði nokkrum atriðum til sveitarstjórnar til ákvörðunar. Sveitarstjórn samþykkir að

lóð sem á uppdrætti kallast Stekkatún fái Brekkuholt. Gata sem á uppdrætti nefnist Fáksholt fái heitið Logaholt.

Í kafla 4.4.2 í greinargerð skipulagstillögunnar vegna ákvæða fyrir íbúðarhúsalóðir eru settir fram tveir valkostir (A og B) fyrir lóðir norðaustan Bjarkarbrautar (E2 – einbýlishús og atvinnuhúsnæði). Í útfærslu A er gert ráð fyrir að auk þess að heimilað sé að byggja skemmu fyrir minniháttar atvinnustarsemi, sem ekki hefur í för með sér hávaða eða mengun, verði heimilað að vera með gistingu fyrir allt að 10 manns og rekstur allt árið (flokkur II í reglugerð nr. 1277/2016) á hverri lóð sem er stærri en 3.500 m², að fengnu rekstrarleyfi. Í útfærslu B er ekki gert ráð fyrir að heimiluð sé gististarfsemi, en skilmálar um heimildir fyrir minniháttar atvinnustarfsemi óbreyttir frá útfærslu A.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja valkost A til grundvallar skipulagstillögunni. Orðalagsbreyting verði gerð á setningu um mat á fyrirhugaðri starfsemi og verði setningin þannig: „Meta þarf í hverju tilfelli fyrir sig hvort fyrirhuguð starfsemi verður heimiluð og verður þá m.a. tekið mið af umfangi starfseminnar, afkastagetu nauðsynlegra innviða og fyrirhugaðrar uppbyggingar þeirra, svo sem að- og fráveitu, áhrifum á umhverfið, hávaða, mengun og hugsanlegu ónæði fyrir nágranna.“

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og felur starfshópnum að ganga frá skipulagstillögunni í samræmi við þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og láta gera viðeigandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi til fyrirhugar fyrir skipulagsnefnd og opinberrar auglýsingar. Skipulagstillagan verði kynnt á opnum fundi.

4. Frá byggðaráði:

4.1. Erindi frá SASS vegna landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, stefnumörkun.

Lagt var fram tölvuskeyti Bjarna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra SASS, þar sem óskað er eftir tillögum um hver eigi að vera áhersluatriði landshlutans á komandi landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn leggur til að lögð verði áhersla á eftirfarandi atriði:

- að sveitarfélög hafi næga tekjustofna til að annast þau verkefni sem þeim eru falin.
- að gætt verði að því að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert. Tilefni er til að skerpa á því í tengslum við umræðu um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu og vegna áforma um stofnun sérstakrar Þjóðgarðastofnunar.
- að aðgengi að heilbrigðisþjónustu verði bætt, þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu.
- að tryggt verði fjármagn til uppbyggingar og viðhalds vegakerfis til að stuðla að auknu öryggi og til að vegakerfið anni stórauðinni umferð.
- að unnin verði stefna um þjónustu við aldraða og gerð áætlun um fjölgun hjúkrunar- og dvalarheimila.
- að sveitarfélög fái stuðning til að vinna að málefnum tengdum heilsuefningu.
- að tryggt sé að fjármagn til löggæslu og sjúkraflutninga nægi til að sinna víðfeðmum umdæmum líkt og á Suðurlandi.

4.2 Persónuverndarmál, staða innleiðingar og persónuverndarfulltrúi.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir stöðu innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá sveitarfélaginu. Vinnunni miðar ágætlega og eru stutt námskeið fyrir starfsmenn fyrirhuguð á næstu dögum.

Lögð voru fram drög að samningi við Dattaca Labs ehf um að fyrirtækið taki að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir hönd Bláskógabyggðar til næstu 12 mánaða.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða. Kostnaði sem fellur til á þessu ári, kr. 279.600 er mætt með viðauka við fjárhagsáætlun.

5. Innsend bréf og erindi:

5.1. Ósk um umsögn um stofnun lögbýlis í landi Fellsenda, umsögn Búnaðarsambands Suðurlands og álit Óskars Sigurðssonar hrl.

Lagt var fram tölvuskeyti Atla Más Ingólfssonar, lögmanns, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um umsókn Hundasleðaferða ehf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stofnun lögbýlis í landi Fellsenda í Bláskógabyggð.

Umsögn Búnaðarsambands Suðurlands og álit Óskars Sigurðssonar, hrl, voru einnig lögð fram.

Í lögfræðialítinu er bent á að sá rekstur og það dýrahald sem gert er ráð fyrir á svæðinu falli ekki undir skilgreiningu á hugtakinu landbúnaður, eins og það er skilgreint í 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og sé því ekki í samræmi við staðfest skipulag þess, en svæðið er í aðalskipulagi skipulagt sem landbúnaðarsvæði. Samkvæmt 18. gr. jarðalaga skal við stofnun nýs lögbýlis gætt að því að það sé í samræmi við staðfest skipulag. Sveitarstjórn samþykkir að veita umsækjanda kost á því að koma á framfæri andmælum og/eða frekari upplýsingum um með hvaða hætti fyrirhuguð starfsemi geti talist samræmast 18. gr. jarðalaga.

5.2 Beiðni Þórarins Þórarinssonar, f. h. óstofnaðs félags, um úthlutun svæðis á Laugarvatni sem skilgreint er sem VP43 í aðalskipulagi.

Lagt var fram erindi Þórarins Þórarinssonar, þar sem óskað er eftir að fá úthlutað svæði á Laugarvatni sem skilgreint er í aðalskipulagi sem VP43. Jafnframt er óskað heimildar til að vinna deiliskipulagstillögu í samræmi við 38. gr. skipulagslaga. Einnig var lagt fram tölvuskeyti Þórarins, dags. 6. september, þar sem erindið er nánar útlistað og óskað eftir vilyrði fyrir landinu til tiltekins tíma.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta ekki umræddu 3ja hektara svæði, enda telst það ekki hæft til úthlutunar skv. reglum sveitarfélagsins um úthlutun lóða, m.a. hefur svæðið ekki verið deiliskipulagt og lóðir ekki tilbúnar undir byggingar. Vinna við endurskoðun deiliskipulag á Laugarvatni er að hefjast og verður svæðið þá deiliskipulagt og í framhaldinu unnt að sækja um byggingarlóðir. Sveitarfélagið veitir þar af leiðandi ekki vilyrði fyrir svæðinu miðað við fyrirbyggjandi hugmyndir.

5.3. Erindi Einars Á.E. Sæmundsen, dags. 30. ágúst 2018, varðandi tillögu að endurskoðaðri stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum til kynningar og umsagnar.

Tölvuskeyti Einars Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvarðar, var lagt fram. Frestur til að gefa umsögn um stefnumörkun þjóðgarðsins er veittur til 15. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir að taka erindið fyrir á fundi sínum í október.

5.4 Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 12. október 2017; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki III, Árbakki.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Magnúsar Magnússonar, f.h. Álms ehf, um rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki III að Árbakka.

Byggingarfulltrúi hefur gefið jákvæða umsögn um veitingu leyfisins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

5.5 Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 13. júlí 2018; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, Bjarkarbraut 1, L224443 Laugarvatni.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Einars Huga Bjarnasonar f.h. Emmu fasteigna ehf, um rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki II að Bjarkarbraut 1, Laugarvatni. Byggingarfulltrúi hefur gefið jákvæða umsögn um veitingu leyfisins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

5.6 Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 13. júlí 2018; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, Eiríksbraut 5 (L2238579). Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Jóhanns Guðna Reynissonar, f.h. Stakrar gulrótar ehf, um rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki II að Eiríksbraut 5. Byggingarfulltrúi hefur synjað umsókn um rekstrarleyfi í fl. II í sumarhúsabyggð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki fallist á að umrætt leyfi verði veitt.

5.7 Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 14. júní 2018; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II, Mika ehf, Skólabraut 4, L1218984. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Bozena Jozefik f.h. Mika ehf, um rekstrarleyfi vegna reksturs veitingastaðar í flokki II að Skólabraut 4, Reykholti. Byggingarfulltrúi hefur gefið jákvæða umsögn um veitingu leyfisins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

6. Mál til kynningar:

- 6.1. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns.
- 6.2. Erindi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 22. ágúst 2018, vegna tillagna um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Beiðni um samstarf við að koma tillögunum á framfæri.
- 6.3. Bréf Félags hópferðaleyfishafa, dags. 23. ágúst 2018, til ráðherra samgöngumála varðandi krafna SASS um að Samgöngustofa svipti nokkur hópferðafyrirtæki almennu rekstrarleyfi.
- 6.4. Tilkynning Þjóðskrár Íslands um fasteignamat 2019, dags. 27. ágúst 2018.
- 6.5. Samantekt Gerðar Dýrfjörð, tómstunda- og félagsmálafulltrúa, á starfi Félagsmiðstöðvarinnar Zetors veturinn 2017-2018.

Fundi slitið kl. 17:45.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Agnes Geirdal

Axel Sæland

Róbert Aron Pálmason

Ásta Stefánsdóttir